

Myndlistarkonan **Gulla Sigurðardóttir** fæddist í Ólafsfirði árið 1969. Hún stundaði nám við Myndlistarskólann á Akureyri og brautskráðist þaðan 1991. Gulla segir þetta um hestamyndir sínar:

„Ég man ekki lengra aftur en til þess þegar ég sá hest í fyrsta sinn. Myndin er mjög skýr í huga mínum. Ung og falleg kona reið í hlaðið heima, svörtum sokkóttum hesti með rauðglófexta hryssu í taumi. Ég var 5 ára og hún var álfkona í huga mínum. Hestarnir hafa alltaf átt huga minn síðan. Ég teiknaði þá frá fyrstu tíð á hvert bréfnifsi sem ég kom höndum yfir, ég var hestur þegar ég lék mér, mig dreymdi þá í vöku og svefni. Mig hefur aldrei langað til a mála neitt annað en hesta. Mínir eru hversdagshestar í sínu náttúrulega umhverfi, íslensku landslagi, sem er þó aldrei dregið fram sem myndefni heldur er hlutlaus umgjörð um hestinn.“